



Ebba Schram borgarlögmaður
Tjarnargötu 11
101 REYKJAVÍK

Fyrirspurn Sveinbjargar Birnu Sveinbjörnsdóttur um kjörgengi Kristínar Soffíu Jónsdóttur

Á fundi borgarstjórnar 7. nóvember sl. lagði Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir óháður borgarfulltrúi fram svohljóðandi fyrirspurn:

Þann 18. október 2017 birtist frétt í Fréttablaðinu þar sem sagt var frá vafa um kjörgengi borgarfulltrúans Kristínar Soffíu Jónsdóttur en deginum áður 17. október hafði hún setið fund borgarstjórnar. Ekkert var rætt um vafa á kjörgengi hennar í sal borgarstjórnar. Ekki er að sjá í fundargerðum forsætisnefndar að neinar umræður hafi farið þar fram um kjörgengi hennar og fyrst er að sjá það í fundargerð 23. október 2017. Verkefni forsætisnefndar eru tiltekin í samþykkt hennar og þar eru þau tíundað. Ekki er hægt að sjá hvernig álitamál um kjörgengi sé komið inn á borð forsætisnefndar enda hvergi að sjá að því máli hafi verið vísað til hennar. Því er óskað eftir skriflegu svari frá borgarlögmanni um valdsvið forsætisnefndar til að fjalla um vafa um kjörgengi, sérstaklega þegar haft er í huga að ekki er að sjá að borgarstjórn eða borgarráð, eða aðrir til þess bærir aðilar innan borgarkerfisins hafi vísað málinu til nefndarinnar. Þá er jafnframt óskað eftir að borgarlögmaður taki saman í svari sínu umfjöllun um hvaða stofnun er réttbær til að taka ákvörðun þegar vafi leikur á um almennt hæfi borgarfulltrúa.

Fyrirspurninni er hér með vísað til umsagnar borgarlögmanns f.h. borgarstjórnar ásamt umsögn skrifstofu borgarstjórnar sem hér fylgir.

Umsögn:

Fjallað er um verkefni forsætisnefndar í 50. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar en þar koma fram verkefni nefndarinnar í 8 liðum. Sérstök samþykkt um forsætisnefnd er ekki til. Vafi um kjörgengi Kristínar Soffíu Jónsdóttur borgarfulltrúa kemur upp í framhaldi af fyrirspurn Fréttablaðsins sem barst skrifstofu borgarstjórnar með tölvupósti dags. 12. október sl. Skrifstofa borgarstjórnar svarar fyrirspurninni með tölvupósti dags. 17. október sl. Í framhaldi af vinnslu fyrirspurnarinnar kom í ljós að borgarfulltrúinn hafi flutt lögheimili sitt til Danmerkur fyrr en áður var talið og með vísan til þess var ákveðið að taka málið upp á vettvangi forsætisnefndar.

Umræða um málið fer svo fram á fundi forsætisnefndar 23. október sl. m.a. með vísan til 8. tl. 50. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar en þar kemur fram að forsætisnefnd fjallar um önnur þau mál sem forseti leggur fyrir hana eða aðrir

nefndarmenn, áheyrnarfulltrúar eða skrifstofustjóri borgarstjórnar óskar að ræða. Það er hlutverk forsætisnefndar að fjallar um álitamál varðandi málsmeðferð í stjórnsýslu og stjórnkerfi Reykjavíkurborgar sem til hennar er vísað sbr. 4. tl. sömu greinar, setja reglur um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa, sbr. einnig IV. kafla samþykktarinnar varðandi réttindi og skyldur borgarfulltrúa. Meginverkefni forsætisnefndar er einnig að skipuleggja starf borgarstjórnar samkvæmt 1. tl. 50. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar en samkvæmt 98. gr. laga nr. 5/1998 um kosningar til sveitarstjórna er það hlutverk borgarstjórnar að úrskurða hvort sveitarstjórnamaður hafi misst kjörgengi.

Eins og fram kemur í fyrirspurn borgarfulltrúans hefur einungis farið fram umræða um málið í forsætisnefnd og vinnur nefndin nú að því að undirbúa málið fyrir borgarstjórn sem hefur það hlutverk að úrskurða hvort borgarfulltrúinn hafi misst kjörgengi vegna lögheimilisflutninga sinna í aðdraganda fæðingarorlofs. Að öðru leyti hefur ekki farið fram athugun á almennu hæfi borgarfulltrúans eins og fram kemur í fyrirspurninni.

Nánari upplýsingar veitir undirrituð góðfúslega.

Helga Björk Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar